



SKILNINGUR LEIKSKÓLABARNA Á TÖLUM OG TALNINGU

Það getur verið áhugavert að fylgjast með því hvernig talnaskilningur barna á leikskólaaldri þróast. Til að átta sig á stöðu 3. – 4. ára barnsins í talningu og skilningi á tölum getur verið gagnlegt að skoða eftirfarandi atriði:



- Barnið er meðvitað um og forvitið um tölur í umhverfinu
- Barnið getur talið í það minnsta fimm hluti
- Barnið getur bent á stað á talnalínu og talið strik á línunni frá vinstri til hægri
- Skilur að táknið 3 merkir þrjá hluti og skilur hið sama fyrir tölurnar 1 – 5
- Getur lagt saman og dregið frá lágur tölur þegar notaðir eru kunnugleg viðfangsefni svo sem: ég á þrjár kökur og þú átt tvær kökur. Hvað eigum við þá margar samtals?
- Getur raðað talnatáknum frá 1 upp í 5 í rétta röð
- Skilur hugtökin, meira en, minna en og notar þessi orð rétt.

Foreldrar geta eftt stærðfræðilega færni barna sinna heima við með því að sjá til þess að stærðfræðileg viðfangsefni séu í umhverfinu. Dæmi:

- Notaðu tölur í umræðum við barnið í daglegu lífi. Ræddu um tölur, bentu barninu á tölustafi.
- Leyfðu barninu að vera með þegar þú ert að mæla eitthvað á heimilinu, svo sem í bakstri, matreiðslu og saumum.
- Vektu athygli barnsins á hitamæli úti við.
- Notaðu ýmis hugtök sem tengjast magni svo sem minna en og stærra en og hrósaðu barninu þegar það notar þessi orð.
- Notaðu orð í spjalli við barnið sem tengjast lögun hluta, t.d. ferningur, rétthyrningur og hringur.
- Safnaðu ýmiskonar efni sem barnið getur notað við talningu. Steinar, gamlir lykklar, tappar og alls kyns slíkt dót getur komið sér vel. Það má líka nota til að flokka eftir lögun.
- Notaðu ýmsa hluti innanhús við samlagningu og frádrátt.
- Lestu sögur þar sem fram koma tölur og talning.
- Syngdu lög með barninu þar sem reynir á talningu. T.d. Einn fíll lagði af stað í leiðangur.
- Spilaðu spil við barnið. Alls konar einföld borðspil þjálfra rökhugsun og efla færni við talningu.

HVAÐ UNGUR NEMUR, GAMALL TEMUR!

